

35. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.01 2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Eiríkur J. Kjerúlf. Einnig mætti til fundar undir 1. lið Steingrímur Karlsson.

Dagskrá

1. Óbyggðasetrið

2. Laugarfell

- a) Undirritun leigusamnings
- b) Samkomulag/uppgjör við fráfarandi rekstraraðila

3. Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps 2020-2024, drög

4. Bréf

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið, afrit af skipun fulltrúa í svæðisráð dag.20.12 2019

5. Umhverfisstyrkir 2019

Þórarinn Þórhallsson, Þorgerðarstöðum

6. Fundargerðir

- a) Samfélagsnefnd 10.12 2019
- b) Fundur fulltrúa samfélagsnefndar með sveitarstjórn 12.12 2019
- c) HAUST 12.12 2019
- d) Starfshópur um hönnun þjónustuhúss við Hengifossá 19.12 2019

7. Skýrsla oddvita

8. Önnur mál

1. Óbyggðasetrið

Farið var yfir þjónustusamning við Óbyggðasetrið, málaflokka sem tilteknir eru í samningnum og rædd staða verkefna. Þjónustusamningurinn gildir til 31. 12 2020 .

2. Laugarfell

- a) Undirritun leigusamnings

Steingrímur og Gunnþórunn undirrituðu leigusamning Fljótsdalshrepps við Óbyggðasetrið ehf, um rekstur mannvirkja í Laugarfelli til reksturs ferðaþjónustu. Bankatrygging sem

tilgreind er í samningi að eigi að liggja fyrir hefur ekki borist , en Steingrímur mun sjá til þess að henni verði skilað til Fljótsdalshrepps.

Steingrímur vék af fundi.

- b) Samkomulag/uppgjör við fráfarandi rekstraraðila

Samkomulagið samþykkt af sveitarstjórn og oddvita falið að rita undir .

3. Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps 2020-2024, drög

Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps 2020- 2024 er ætlað að taka við af Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps sem í gildi er og var samþykkt 01.03 2016. Sveitarfélög er skylt að setja sér jafnréttisáætlanir og uppfæra þær á hverju kjörtímabili.

Drög að uppfærðri áætlun kynnt. Drögin hafa verið yfirfarin af Jafnréttisstofu. Talsverðar umræður urðu um texta áætlunarinnar, en engar beinar athugasemdir komu fram á fundinum. Áætlunin verður tekin til annarrar umræðu og afgreiðslu síðar.

4. Bréf

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið, afrit af skipun fulltrúa í svæðisráð dag.20.12 2019

Jóhann F. Þórhallsson situr í svæðisráðinu sem aðalfulltrúi og Kerstin König sem varafulltrúi.

5. Umhverfisstyrkir 2019

Þórarinn Þórhallsson, Þorgerðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur

6. Fundargerðir

a) Samfélagsnefnd 10.12 2019. Kynnt.

b) Fundur fulltrúa samfélagsnefndar með sveitarstjórn 12.12 2019. Kynnt.

c) HAUST 12.12 2019. Kynnt.

d) Starfshópur um hönnun þjónustuhúss við Hengifossá 19.12 2019. Kynnt.

7. Skýrsla oddvita

Varaoddviti var með afleysingu fyrir oddvita 2. -6 . desember.

Haft var samband við oddvita vegna hugmynda um gerð hjólastígs umhverfis Lagarfljót og óskað eftir að fá að nefna Fljótsdalshrepp sem samstarfsaðila í verkefninu.

Styrkur sem sveitarstjórn ákvað að veita Hallormsstaðaskóla vegna tækjakaupa var greiddur út fyrir áramót.

Viðræður eru um samstarf minni sveitarfélaga vegna yfirvofandi þingsályktunartillögu um málefni sveitarfélaga (lögþvingaðar sameiningar).

Fyrir jól samþykkti Alþingi breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, er varða úthlutun úr Jöfnunarsjóði, þar var leitast við að gera löglegar, áður ólögmætar skerðingar framlaga til sveitarfélaga sbr. Hæstaréttarmál þar sem dæmt var nokkrum sveitarfélögum (þ.a.m. Fljótsdalshreppi) í vil á síðasta ári. Skerðingarframlög undanfarinna ára hafa verið greidd viðkomandi sveitarfélögum. Með lagabreytingu þeirri sem gerð hefur verið má vænta að skerðing framlaga úr Jöfnunarsjóði til Fljótsdalshrepps hefjist á ný.

Varðandi heimildir til fjarfunda sveitarstjórna og nefnda eru þeir skv. sveitarstjórnarlögum (17. gr) ekki lögmætir, nema í mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Slík heimild er ekki í samþykktum Fljótsdalshrepps og eiga því fundarmenn að vera viðstaddir á fundum.

Ásdís Helga verkefnisstjóri hefur óskað eftir tilboði frá PRS Ráðgjöf í úttekt og greiningu á hentugu landi í Fljótsdalshreppi fyrir byggðakjarna.

Um skýrslu oddvita urðu þó nokkrar umræður.

8. Önnur mál

- a) Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá um íbúafjölda í Fljótsdalshreppi hefur íbúum fjölgað frá 01.12 2018 til 01.12 2019, um 13 manns eða um 18 %.
- b) Oddviti kynnti erindi frá Braga Þór Thoroddsen, sveitarstjóra Súðavíkur, er varðar samstöðu lítilla sveitarfélaga, dags. 20. des. 2019. Sveitarstjórn tekur undir orð Braga og hvetur til samstöðu minni sveitarfélaga til að verja sjálfsákvörðunarrétt íbúanna í sameiningarmálum.

Fundi slitið kl 17:00

Lárus ritaði fundargerði í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)